

Fundargerð: 05.09.17  
Staðsetning: Hlíðargerði 4.

Mætt: Lóa Björk Hallsdóttir, Guðmundur Karlsson, Gunnar Svavarsson, Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir.

## 1. Afgreiðslumál

Fundargerð síðasta fundar samþykkt, dagskrá fundarins og hvernig til hans var boðað

Rafrænar afgreiðslur milli funda: Engar

## 2. Verkefni framundan

Stjórn ákvað að framhaldi af umræðum á síðasta fundi að Formannafundur að hausti yrði föstudaginn 6. október kl. 16.30 – 18.00 og Uppskeruhátíð FRÍ 2017 yrði strax í kjölfarið 18:00-19:30. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa verkefni fundanna og leggja upp við stjórn tillögur að dagskrá, viðurkenningum. Formaður mun í aðdraganda formannafundar senda aðildarfélögum hvatningu vegna afreksstefnunnar, sem send var út til félaganna í byrjun sumars. Stefnt að afgreiðslu afreksstefnunnar á formannafundi. Gjaldkeri upplýsti að stefnt yrði að kynna 8 mánaða milliuppgjör á formannafundinum.

Stjórn samþykkti að FRÍ þing yrði 2.-3. mars 2018. Framkvæmdastjóra falið að leggja til starfshóp vegna skipulagningar þingsins sem og að byrja að skoða mögulega fundarstaði. Mikilvægt væri að þingið færðist á milli sveitarfélaga til stuðnings við félögin heim í héraði. Ákveðið að skipa uppstillingarnefnd vegna þingsins á næsta stjórnarfundum.

Rætt um RIG 3. feb. 2018. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að undirbúningsnefnd. Verður skipuð á næsta fundi stjórnar.

## 4. Málefni almenningshlaupa

Áframhaldandi umræður um aðkomu FRÍ að almenningshlaupum og hvernig FRÍ getur tengst þeim betur sem og gert að lýðheilsuviðburðum. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir sbr. vinnu skrifstofunnar í Hlaupaverkefninu.

## 5. Aðstöðumál, Laugardalsvöllur

Í ljósi fréttu af málefnum Laugardalsvallar vill stjórn FRÍ á rétta sbr. stjórnarfund 14.06.17 að starfsemi FRÍ og þjóðarleikvangur muni verða áfram á Laugardalsvelli að öðrum kosti í Laugardal svo fremi sem sameiginlegur vilji Reykjavíkurborgar og ríkisins, mennta- og menningarmálaráðuneytis, standi til að fjárfesta í nýjum glæsilegum sérhæfðum frjálsíþróttavelli og þjóðarleikvangi frjálsra íþróttara í Laugardal. Slíkar yfirlýsingar stjórnvalda hafa ekki komið fram og mun FRÍ því áfram, hér eftir sem hingað til, stuðla að sem bestri samvinnu hagsmunaaðila, góðri samvinnu við stjórnvöld og faglegastri umgjörð þjóðarleikvangsins á Laugardalsvelli þannig að sómi sé að fyrir frjálsar íþróttir á Íslandi.

Ákveðið að boða til funda með samstarfsaðilum.

## 6. Opnir stjórnarfundir

Rætt um opna stjórnarfundum að hausti með aðildarfélögum. Framkvæmdastjóri sendir dagsetningar fundanna eftir samtal við aðildarfélögin en stefnt er að því að hitta á næstu þremur mánuðum Aftureldingu, Ármann, Fjölni, ÍR og HSK.

## 7. Önnur mál

Rætt um Olympic solidarity, umsóknarferli. Framkvæmdastjóri lagði fram vinnuþagg þar að lútandi þar sem fram kemur IAAF stigafjöldi okkar bestu íþróttamanna. Framkvæmdastjóra falin áfram vinna við umsóknarmálin í samráði við stjórn.

## 8. Búningamál

Formaður gerði grein fyrir stöðu dagsins. Ákveðið að vinna hratt og vel í málinu í góðu samstarfi við þá sem að málinu koma. Öllum sé ljóst hvert stefnir.

Fundi slitið 17:55. Fundargerð ritaði: Fríða Rún Þórðardóttir